

Nd.

222. Frumvarp til laga

[106. mál]

um breyting á lögum nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í 2. málsgr. 4. gr. laganna falli niður orðin „með óflekkað mannorð“.

2. gr.

Í 1. málsgr. 32. gr. laganna falli niður orðin „hafi óflekkað mannorð“.

3. gr.

Í 34. gr. laganna falli niður orðin „með óflekkað mannorð“.

4. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, og eru nán tengsl milli þessara frumvarpa tveggja.

Í frv. þessu er lagt til, að óflekkað mannorð verði ekki framar skilyrði þess, að maður geti verið stofnandi, stjórnandi eða endurskoðandi í hlutafélagi. Er ekki sýnilegt, að flekkað mannorð sé því til fyrirstöðu, að menn gerist stofnendur, stjórnendur eða endurskoðendur í öðrum félögum, sem stefna að fjárhagslegu markmiði. Þykir einsætt að breyta hlutafélagalögum að þessu leyti.

Í greinargerð fyrir ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum eru rakin almenn rök og sjónarmið, sem liggja til þess að fækka þeim lagaáhrifum, er tengd eru við hugtakið óflekkað mannorð. Þykir því að öðru leyti mega vísa til þeirrar greinargerðar.